



Akraneskaupstaður

Samningur um rekstur og samskipti Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness

Markmið samnings

1. gr.

Akraneskaupstaður og Íþróttabandalag Akraness (ÍA) eru sammála um að markmið samnings þessa sé að viðhalda öflugum samstarfi kaupstaðarins og ÍA í því skyni að íþróttastarf á Akranesi verði áfram þróttmikið, æsku og almenningi á Akranesi til heilla. Sérstök áhersla skal lögð á forvarna- og uppeldisgildi íþróttar og virka samvinnu íþróttahreyfingarinnar við skólana og almenning með fyrrnefndar áherslur í huga.

Áherslur og skyldur

2. gr.

Akraneskaupstaður leggur áherslu á mikilvægi forvarnagildis og þjónustuhlutverks íþróttafélaganna gagnvart bæjarbúum á öllum aldri, en með sérstakri áherslu á unglunga og börn. Af hálfu íþróttahreyfingarinnar er áhersla lögð á skyldur hennar gagnvart bæjarbúum og þá sérstaklega unglingum og börnum m.a. með því að halda uppi fjölbreyttri íþróttar- og félagsstarfsemi vel rekinnna félaga. Með samningi þessum heitir ÍA því að gera sem flestum bæjarbúum kleift að stunda íþróttir m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að íþróttafélögum og því starfi sem fram fer á þeirra vegum hverju sinni í einstökum greinum. Markmið ÍA er m.a. eftirfarandi:

- Að stuðla að hollri og heilbrigðri hreyfingu bæjarbúa á öllum aldri.
- Að stuðla að því að bæjarbúar eigi án tillits til efnahags, kynferðis, kynþátta, trúarbragða, aldurs eða annarra félagslegra aðstæðna, möguleika á þátttöku í æskulýðs- og íþróttastarfi.
- Að áhersla verði lögð á forvarnarstarf innan félaga ÍA og viðurkennd uppeldisleg gildi verði þar höfð að leiðarljósi.
- Að stuðla að „heilbrigðri sál í hraustum líkama“.

Nýting fjármuna

3. gr.

Akraneskaupstaður vill með samningi þessum tryggja að fjármunir sem lagðir eru til rekstrar íþróttahreyfingarinnar, íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar og framkvæmda á sviði íþróttamála nýtist sem best þeim bæjarbúum sem annars vegar stunda íþróttir sér til ánægju og heilsubótar og hins vegar til afreksþjálfunar.

Nýting íþróttamannvirkja

4. gr.

Íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar eru opin aðildarfélögum ÍA til afnota án endurgjalds fyrir alla almenna og viðurkennda íþróttastarfsemi í samræmi við íþróttalög nr. 64 frá 1998 og þær reglur sem

gilda um notkun mannvirkjanna og æskulýðsstarf. Framlag Akraneskaupstaðar vegna íþróttamannvirkja, beinna styrkja, tómstundaframlags og tekjuhlutdeild leigurémis er heimilt að meta í ársreikningum bæjarins og viðurkennt sem framlag til íþróttamála eins og nánar er tilgreint í 7. gr. samningsins. Að undanskilinni notkun leik- og grunnskóla er viðurkenndur forgangur íþróttafélaga innan ÍSÍ og ÍA. Að teknu tilliti til forgangs skólanna og íþróttahreyfingarinnar til skipulags íþróttastarfs er Akraneskaupstað heimilt að leigja út tíma til almennings, fyrirtækja og annarra sem stunda vilja íþróttir. Ábyrgð á framkvæmd úthlutunar á tímum og útleigu er á höndum forstöðumanns íþróttamannvirkja, framkvæmdastjóra ÍA eða hjá öðrum þeim aðila sem samkomulag er um á milli samningsaðila. Aðilar eru sammála um að stuðla að sem mestri nýtingu íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar. Innan íþróttamannvirkjanna starfi aðeins einstaklingar sem hafa lagt fram sakavottorð og uppfylla skilyrði samkvæmt æskulýðslögum.

Samstarf ÍA og starfsmanna Akraneskaupstaðar

5. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að starfsfólk Akraneskaupstaðar, stjórn ÍA og aðildarfélög skuli hafa með sér náð og gott samstarf. Sérstök áhersla er lögð á samvinnu milli þeirra aðila sem vinna að almennri velferð barna og unglunga. Þetta á m.a. við um framkvæmd ýmissa viðburða svo sem fræðslu- og forvarnarstarfs, viðburða, s.s. mótahalds félaga, o.fl.

Sérstaklega skal hugað að samráði og samstarfi um sameiginlega hagsmuni vegna viðburða og verkefna á sviði „íþróttatengdrar ferðapjónustu“, þar sem ætla má að gestir og ferðafólk komi á Akranes til að taka þátt í eða fylgjast með íþróttaviðburðum, kappleikjum eða íþróttamótum. Áhersla skal lögð á samstarf með það að markmiði að nýta sem best þau tækifæri og möguleika sem felast í viðburðum og verkefnum af þessum toga íþróttahreyfingunni og Akraneskaupstað til framdráttar.

Samstarf ÍA og kjörinna fulltrúa Akraneskaupstaðar

6. gr.

Bæjarstjórn, nefndir kaupstaðarins, stjórn ÍA og stjórnir aðildarfélaga ÍA eru sammála um að eiga gott samstarf í því skyni að ná sem bestum árangri í þeim málum sem unnið er að. Mikilvægt er að hafa samráð og upplýsingavettvang um sameiginleg málefni.

Skilgreining á fjárhagslegum stuðningi til íþróttamála

7. gr.

Fjárhagslegur stuðningur Akraneskaupstaðar við ÍA og íþróttafélög innan ÍA er með eftirfarandi hætti:

- Rekstrarkostnaður þ.m.t. innri leiga íþróttahúsa og sundlauga kaupstaðarins.
- Rekstrarkostnaður þ.m.t. innri leiga æfinga- og keppnisvalla á Jaðarsbökkum.
- Árlegur rekstrarstyrkur til ÍA samkvæmt samningi þessum.
- Framlög til ÍA vegna sérstakra verkefna, sem um er samið í samningi þessum sbr. 10 gr. eða ákveðið að semja um síðar.
- Framlög Akraneskaupstaðar til íþrótt- og æskulýðsfélaga sbr. reglur Akraneskaupstaðar um barna- og unglिंगastarf á Akranesi- viðmiðunarreglur, frá 13. mars 2008.



- Styrkir til félaga sem ná afburða árangri í samræmi við viðmiðunarreglur Akraneskaupstaðar vegna viðurkenninga fyrir unnin afrek í íþróttum frá 15. nóvember 2017.
- Sérstakir rekstrarsamningar við ÍA og einstök aðildarfélög innan þess.
- Sérstakir samningar um framkvæmdir á vegum ÍA eða félaga innan þess.
- Ráðstöfun fjármuna til uppbyggingar íþróttamannvirkja og tækjakaupa.

Fjárhæðir samnings og verkefnaskyldur ÍA

8. gr.

Akraneskaupstaður samþykkir að styrkja rekstur ÍA um kr. 4.500.000.- árlega á gildistíma samnings þessa. Fjárhæðin tekur ekki breytingum á samningstímanum.

ÍA mun sinna eftirtöldum verkefnum á samningstímanum:

- Vera í samstarfi um einstaka viðburði sem stuðlað geta að almennu heilbrigði bæjarbúa s.s. umsjón og kynningu á kvannahlaupi, umhverfisdegi, almenningshlaupum, verkefnum á vegum ÍSÍ og UMFÍ o.fl.
- Tilnefna fulltrúa í ýmis samstarfsverkefni milli Akraneskaupstaðar og ÍA s.s. heilsueflandi samfélag og heilsueflandi atvinnusköpun.
- Kjör íþróttamanns Akraness og veiting viðurkenninga til þeirra aðildarfélaga ÍA sem hafa unnið til Ísland- og/eða bikarmeistara í efstu deild karla og kvenna í viðkomandi hópíþrótt eða einstaklingsgrein. Framkvæmdin skal ákveðin í samstarfi samningsaðila.
- Skipulagning á fræðslu og viðburðum sem efla almennt heilbrigði bæjarbúa.
- Önnur verkefni sem samningsaðilar ákveða hverju sinni.

Rekstrarstyrkir til aðildarfélaga ÍA og tómstundaframlag til fjölskyldna

9. gr.

Akraneskaupstaður mun styrkja aðildarfélög innan ÍA með rekstrarstyrkjum. Styrkupphæðinni er úthlutað skv. reglum Akraneskaupstaðar um barna- og unglíngastarf á Akranesi- viðmiðunarreglur, frá 13. mars 2008 en áætluð upphæð á árinu 2019 er kr. 15.500.000. Styrkurinn deilist einnig til annarra æskulýðsfélaga samkvæmt sömu reglum og samningum þar um.

Akraneskaupstaður mun veita árlega fjárhæð til „Tómstundaframlags“ til að auðvelda þátttöku barna og ungmenna í félags- og íþróttastarfi og til stuðnings fjölskyldum á Akranesi. Tómstundaframlag er bein niðurgreiðsla til fjölskyldna og er áætlað kr. 40.000.000 á árinu 2019. Ákvörðun um framlag byggir á ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Samstarfsverkefni við ÍA um heilsueflandi samfélag

10. gr.

Bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt að innleiða verkefnið Heilsueflandi samfélag í samstarfi við embætti Landlæknis.

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélagið á Akranesi í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.



Í Heilsueflandi samfélagi er heilsa og líðan allra íbúa í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og allir gearar hafa hlutverk. Unnið er með áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðanar s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi til að skapa sem ákjósanlegastar aðstæður í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum.

Akraneskaupstaður og ÍA gera með sér samkomulag um að núverandi framkvæmdastjóri ÍA leiði verkefnið í innleiðingafasanum í náinni samvinnu við stýrihóp sem bæjarstjóri Akraneskaupstaðar skipar.

Akraneskaupstaður leggur fram kr. 3.500.000 fyrir hvert ár til verkefnastjórnunar af hálfu ÍA í innleiðingarfasanum og í framkvæmd verkefnisins eftir innleiðingu. Reikna skal greiðslu ársins hlutfallslega miðað við fjölda mánaða sem samstarfið varir á árinu. Miðað er við að verkefnið hefjist 1. maí 2019.

Gert er ráð fyrir að starfsskyldur framkvæmdastjóra ÍA nemi 30% starfshlutfalli. Ef starfshlutfall í verkefninu verður tímabundið hærra vegna ákvörðunar ÍA kemur ekki til aukagreiðslna vegna þess.

Samningsaðilar koma að gerð erindisbréfs fyrir stýrihópinn sem fara verður fyrir bæjarráð Akraneskaupstaðar til samþykktar.

Samningsaðilar geta sagt upp gagnkvæmum skyldum sínum samkvæmt 10. gr. með sex mánaða fyrirvara án þess að það hafi áhrif á önnur efnisatriði samningsins.

Gildistími samnings

11. gr.

Samningur þessi gildir frá undirskrift hans til 31. desember 2022. Komi upp vandkvæði við framkvæmd samningsins skulu aðilar taka upp viðræður um hvort tilefni sé til efnislegra breytinga á samningnum.

Brottfall fyrri samnings

12. gr.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi samningur aðila frá 31. desember 2015.

Samningur þessi er gerður í tveimur einstökum, eitt fyrir hvorn aðila.


Akranesi, 11/4 2019

Undirritun með fyrirvara um samþykki stjórnar ÍA og bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar.

F.h. Akraneskaupstaðar
BÆJARSTJÓRINN

AKRANESI
bæjarstjóri

F.h. Íþróttabandalags Akraness,


formaður ÍA